

4. Tetramisolum
5. Tiabendazolum
6. Vaccina

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. ágúst 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1976.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1976, vegna lyfjaeftirlits samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur		kr.	46 000
II. flokkur		—	38 000
III. flokkur		—	30 000
IV. flokkur		—	22 000
V. flokkur		—	14 000

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

- I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn,
Reykjavíkur Apótek.
- II. flokkur: Apótek Austurbæjar,
Apótek Keflavíkur,
Laugavegs Apótek.
- III. flokkur: Akureyrar Apótek,
Hafnarfjarðar Apótek,
Holts Apótek,
Ingólfs Apótek,
Stjörnu Apótek,
Vesturbæjar Apótek.
- IV. flokkur: Akraness Apótek,
Apótek Vestmannaeyja,
Borgar Apótek,
Garðs Apótek,
Háaleitis Apótek,
Húsavíkur Apótek,
Ísafjarðar Apótek,
Kópavogs Apótek,

Laugarness Apótek,
Lyfjabúð Breiðholts,
Selfoss Apótek.

V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði,
Apótek Blönduóss,
Árbæjar Apótek,
Borgarness Apótek,
Dalvíkur Apótek,
Nes Apótek, Neskaupstað,
Patreks Apótek,
Sauðárkróks Apótek,
Siglufjarðar Apótek,
Stykkishólms Apótek.

3. gr.

Lyfjagerðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjaverslun ríkisins,
Pharmaco hf.

II. flokkur: Stefán Thorarensen hf.

4. gr.

Lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur: G. Ólafsson hf.,
Lyfjaverslun ríkisins,
Stefán Thorarensen hf.

II. flokkur: Ásgeir Sigurðsson hf.,
Hermes sf.,
Pharmaco hf.

III. flokkur: Farmasía,
H. Ólafsson & Bernhöft,
Lyf sf.

5. gr.

Héraðslæknar, sem annast lyfjasölu samkvæmt 42. gr. lyfsölulaga, skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt V. flokki.

6. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús. Skulu þá deildskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkvæmt II. flokki, en önnur sjúkrahús samkvæmt V. flokki.

7. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisfóhæðis fyrir 15. nóvember 1976. Gjaldið er lögtakskræft.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. ágúst 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.